

MENNING

London City Ballet í Þjóðleikhúsinu

London City Ballet heldur sýningar í Þjóðleikhúsinu föstudaginn 31. mars og laugardaginn 1. apríl næstkomandi.

Á vegum flokksins koma 15 dansarar og sýna dansa úr þremur ballettum; Hnetubrjótum, Transfigured Night og Celebrations.

London City Ballet er einn aðal dansflokkur Bretlands og var stofnaður 1978 af Harold King. Verndari flokksins er Diana, prinsessa af Wales og hefur hún fylgst náið með uppbyggingu flokksins.

Tveir aðilar styrkja komu flokksins hingað til lands; Scandinavian Bank í London og Landsbanki Íslands.

Dagskrá um Jón Leifs

Á laugardaginn kl. 16.00 flytur Hjálmar H. Ragnarsson fyrirlestur um tónmál Jóns Leifs, en hann hefur orðið níræður í vor ef hann hefði lifað.

Jón Leifs var kunnur fyrir störf sín að félagsmálum listamanna, enda brautryðjandi á því sviði. Íslendingar hafa hins vegar að mestu forsmáð tónsmíðar Jóns og telst það til undantekninga ef verk hans heyrast á opinberum vettvangi.

Eftir fyrirlestur Hjálmar verða flutt verk eftir Jón Leifs og eru flytjendur þeir Kristinn Sigmundsson barítón og Jónas Ingimundarson píanóleikari auk Bernhards Wilkinsonar flautuleikara, Einars Jóhannessonar klarinettuleikara, Hafsteins Guðmundssonar fagottleikara, Helgu Þórarinsdóttur víóluleikara og Ingu Rósar Ingólfsdóttur sellóleikara.

Tónleikarnir eru í Norræna húsinu og hefjast kl. 16.00 eins og fyrr segir en að þessari dagskrá standa sameiginlega „Myrkir músikdagar“ og Háskólatónleikar.

Bandarísk píanótónlist

Bandaríski píanóleikarinn Alan Mandel leikur bandaríska píanótónlist á næst síðustu tónleikum „Myrkra músikdaga“ en þeir verða haldnir í Norræna húsinu á sunnudaginn og hefjast kl. 16.00.

Alan Mandel hefur undanfarin ár haldið tónleika í Bandaríkjunum, Evrópu, Asíu, Ástralíu, Sovétríkjunum, Austurlöndum nær og Afriku. Hann er þekktur fyrir þróttmikinn flutning á spennandi og óvenjulegri tónlist. Hann er jafnvígur á nútímatónlist og rómantíska tónlist og ameríska — og þá líka ragtime tónlist —, en kannski er hann þekktastur fyrir flutning á meistarastykkjum sem sjaldan hafa heyrst. Mandel er forstöðumaður og kennari við píanódeild American University og Washington D.C. og er listrænn stjórnandi Washington Music Ensemble.

Verkin sem flutt verða á tónleikunum hafa fæst verið spiluð hér á landi áður en þau eru, Airplane Sonata eftir Georged Antheil (1900-1959), Abandoned Bells eftir William Mayer (1925) Fourth Sonata op. 50 eftir Edward McDowell (1860-1908) og Sonata No 2 for piano (Concord Sonata) eftir Charles Ives (1874-1954). Auk Alan Mandel píanóleikara kemur fram á tónleikunum Kolbeinn Bjarnason flautuleikari.

Gítar á Austurlandi

Einar Kristján Einarsson gítarleikari heldur tónleika á Austfjörðum í vikunni og leikur fyrst á Borgarfirði eystra miðvikudaginn 22. febrúar kl. 20.30. Í félagsheimilinu Fjarðarborg, því næst verða tónleikar í Seyðisfjarðarkirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 20.30. Í Egilsstaðakirkju laugardaginn 25. febrúar kl. 17.00 og ferðinni lýkur með tónleikum í Safnaðarheimili Neskaupstaðar sunnudaginn 26. febrúar kl. 17.00.

Á efnisskránni eru verk eftir 16. aldar tónskáldið John Dowland, Fernando Sor, sem var 19. aldar git-



Hópur frá London City Ballet sýnir hér á landi um mánaðamótin mars/apríl.

arleikari og tónskáld, 20. aldar mennina Manuel Ponce og Hans Werner Henze og auk þess tónlist frá Japan og Suður-Ameríku.

Einar Kristján Einarsson lauk burtfararprófi frá Tónskóla Sigurðsveins árið 1982 og stundaði framhaldsnám í Englandi. Hann fluttist heim til Íslands sl. haust og er nú starfandi tónlistarmaður og gítarkennari í Reykjavík. Einar hefur auk tónleika á Íslandi, komið fram á Spáni og Englandi.

Ásgerður Búadóttir í Gallerí Borg

Ásgerður hefur haldið sex einkasýningar í Reykjavík og tekið þátt í mörgum samsýningum hér á landi og erlendis, m.a. Haustsýningum FIM, einnig hefur hún sýnt sex sinnum með sýningarhópnum Koloristerne á Den Frie í Kaupmannahöfn.

Meðal annarra sýninga eru: Scandinavia to-day, New York og fleiri borgir 1982-1984, Nutida Nordisk Konst, Hæsselby, Stokkhólm 1982. Íslandsk Farvespil, ásamt Svavari Guðnasyni, Nikolaj, Kbh. 1984, Borealis I, farsýning um Norðurlönd 1983-1984, Scandinavian Craft to-day, Tokyo, Kyoto, New York og fleiri borgir '87-'88, Contemporary Woven Art in America and Abroad, Kent, USA 1988, Koloristerne, Den Frie, Kaupmannahöfn 1989.

Ásgerður á verk á mörgum opinberum söfnum og stofnunum m.a. Listasafni Íslands, Listasafni Háskóla Íslands, Röhhsska listiðnaðarsafninu Gautaborg, Norrænu menningarmálastofnuninni Kaupmannahöfn, Textile Arts Foundation Main, USA, Seðlabanka Ísl.

Hún hlaut menningarverðlaun Dagblaðsins & Vísis 1982 og var kjörin borgarlistamaður Reykjavíkur 1983-1984.

Á sýningu Ásgerðar nú í Gallerí Borg eru níu verk öll ofin á árunum 1986-1989. Stærsta verkið er 227x204 cm. Fjögur verk sýningarinnar kallar listakonan „Gengið með sjó“ er það samstæða, en þó hvert verk fyrir sig sjálfstætt.

Sýningin er opin virka daga frá kl. 10.00-18.00 og um helgar frá kl. 14.00-18.00.

Henni lýkur þriðjudaginn 28. febrúar 1989.

John Mayall og Bluesbreakers á Íslandi

John Mayall hefur verið kallaður faðir breska blúsins. Hvert stórstirnið á fætur öðru í breskum blús hefur stigið sín fyrstu spor undir handarjaðri þessa virta brautryðjanda.

Eric Clapton er þeirra frægastur og þegar hann fór úr Yardbirds árið 1965 var hann ekki í vafa um hvert hann ættri að fara til að geta spilað ósvikinn blús — hann gekk til liðs við Mayall og Bluesbreakers! Blúsunnendur þekkja líka vel til manna á borð við Jack Bruce, Mick Taylor, John McVie, Jon Mark, Peter Green, Johnny Almond og fleir sem

seinna mynduðu Fleetwood Mac, sem eins og hljómsveitin Cream er skilgetið afkvæmi Mayalls.

Málverk í SPRON

Nýlega opnaði Sigurður Þórir Sigurðsson málverkasýningu í útibúi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágreinnis að Álfabakka 14, Breiðholti.

Á sýningunni eru 13 olíumyndir málaðar á árunum 1986-1989 og eru þær allar til sölu.

Sýningin stendur yfir til 31. mars n.k. og er opin frá mánudegi til fimmtudags, frá kl. 9.15-16.00 og föstudaga frá kl. 9.15-18.00.

Myndbandahátíð '89

Föstudaginn 10. febrúar s.l., héldu Samtök íslenskra myndbandaleiga (SÍM) sína fyrstu Myndbandahátíð, á Hótel Borg.

Á annað hundrad gestir voru þar samankomnir til að fylgjast með verðlaunafhendingum þeirra þriggja dómnefnda sem SÍM hafði fengið til liðs við sig.

Tónlistagagnrýnendur frá dagblöðunum byrjuðu á að velja Motorchash Sykurmolanna, sem besta tónlistarmyndband síðasta árs og Sign 'O' The Times, Prince, besta „stóra“ tónlistarmyndbandið.

Kvikmyndagagnrýnendur völdu The Unthouchables besta myndbandið og dómnefnd SÍM veitti eftirtalin verðlaun:

Bestu kápur — Skífan hf.
Bestu auglýsingar — Steinar hf.
Besta barnaefni — Strumparnir (Steinar hf.)

Sérstök viðurkenning fyrir útgáfu á barnaefni — Bergvík sf.

Besta þáttaröðin — The Bourne Identity (Steinar hf.)

Besta myndbandið (listrænt mat) — The Unthouchables (Háskólabíó)

Besta myndbandið (leigulegt mat) — Lethal Weapon (Steinar hf.)

Söluamaður ársins — Karl Dúi Karlsson (Skífan hf.)

Myndbandaúttefandi ársins — Steinar hf.

Vinsælasta myndband ársins 1988 (m. vinsældalista sem mælikvarða) — Dirty Dancing (J.B. Heildsala).

Á hátíðinni voru sýnd sýnishorn úr þeim myndböndum er hlutu flestar tilnefningar dómnefndanna þriggja.

Kynnir kvöldsins var Steingrímur Ólafsson (Bylgjumaður). Voru viðstaddir á einu máli um að vel hefði tekist í alla staði og að Myndbandahátíðin nái vonandi að festa sig í sessi sem árviss atburður.

Myndlistarsýning í Djúpinu

Laugardaginn 11. febrúar opnaði Þormóður Karlsson myndlistarsýningu í Djúpinu, Hafnarstræti 15, Reykjavík.

Á sýningunni eru sýnd olíu- og

akrílmálverk, unnin á árunum 1985-1988. Öll verkin á sýningunni eru til sölu. Þormóður hefur áður haldið sýningu hér heima, í Danmörku og í Bandaríkjunum. Sýningin er opin frá kl. 11.00 til 23.30 alla daga vikunnar og lýkur henni fimmtudaginn 2. mars.

Óbærilegur léttleiki tilverunnar

Bókaútgáfa Máls og menningar hefur sent frá sér nýja útgáfu bókarrinnar Óbærilegur léttleiki tilverunnar eftir tékkneska rithöfundinn Milan Kundera, í þýðingu Friðriks Rafnssonar.

Skáldsaga þessi kom fyrst út árið 1984 og vakti þá mjög mikla athygli. Hún var gefin út á íslensku árið 1986. Á síðasta ári var gerð eftir henni kvikmynd sem farið hefur sigurför um heiminn, meðal annars

hefur hún verið sýnd á Íslandi svo mánuðum skiptir. Helsta sögu svið bókarrinnar er Tékkóslóvakía árið 1968, en leikur hennar berst víða, og er henni einkum hrósað fyrir að lýsa samhengi stjórnmála, ástar og dauða með einstæðum og grátbroslegum hætti.

Bókin er önnur í flokki vandaðra kiljubóka frá Máli og menningu, en áður hefur Hús andanna eftir Ísabel Allende verið gefin út með þessum hætti. Hún er 347 bls. að stærð, prentuð hjá Prentstofu G. Benediktssonar en Bókfell annaðist bókband. Hún mun fyrst um sinn boðin á tilboðsverði, 980 krónur.

Styrktartónleikar á Akureyri

Styrktartónleikar fyrir Minningarsjóð Þorgerðar S. Eiríksdóttur verða haldnir í sal Gagnfræðaskóla Akureyrar sunnudaginn 19. febrúar kl. 17.00.

Par koma fram kennarar og nemendur Tónlistarskólans á Akureyri og flytja fjölbreytta efnisskrá. Meðal efnis má nefna einleiks- og tvíleiksverk fyrir píanó eftir Chopin, Kabalevsky, Mozart og Schubert, sönglög og dúettar eftir Brahms og Dvorak, verk fyrir fiðlu eftir Kreisler og tríó fyrir klarinett, lágfíðlu og píanó eftir Mozart.

Minningarsjóður Þorgerðar S. Eiríksdóttur var stofnaður 1973 og hefur hann að markmiði að styrkja efnilega nemendur frá Tónlistarskólanum á Akureyri til framhaldsnáms. Hafa þegar um 20 nemendur notið styrkja úr sjóðnum.

Góð aðsókn á árlegum styrktartónleikum sjóðsins er mikil hvatning fyrir þá nemendur sem þar koma fram og forsenda þess að unnt sé að veita styrki úr sjóðnum á hverju ári.

Tekið er á móti frjálsum framlögum við innganginn, en til fjárfllunar eru einnig seld minningarkort í bókabúðinni Huld, Bókvali og í Tónlistarskólanum.



AÐALFUNDUR

Hf. Eimskipafélags Íslands verður haldinn í Súlnasal Hótel Sögu fimmtudaginn 16. mars 1989, og hefst kl. 14.00.

DAGSKRÁ

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 14. grein samþykktu félagsins.
2. Tillaga um útgáfu jöfnunarhluta-bréfa.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum og umboðsmönnum hluthafa á skrifstofu félagsins í Reykjavík frá 9. mars til hádegis 16. mars.

Reykjavík, 15. febrúar 1989

STJÓRNIN